

LISTIR

# BRIGÐI Í HVÍTU

MYNDLIST

Kjarvalsstaðir

MYNDVERK  
KRISTJÁN DAVÍÐSSON

Opið alla daga frá 10–18. Til 12. október. Aðgangur 300 kr. Sýningar-  
skrá 900 kr.

MÁLARINN Kristján Davíðsson varð áttæður í sumar, en í stað þess að gefa grænt ljós um athygli á tímamótunum, brá hann sér til Parísar. Snæddi þar vænan málsverð með spúsu sinni, harðan sem mjúkan undir tónn, og leit inn á nokkur söfn og sýningar. Kristján hefði þó naumast sloppið við nokkrar línur úr penna rýnisins, ef honum hefði ekki orðið á misminni og var að auk erlendis er hann var upplýstur um afmælisdaginn. Var í þeirri trú að væntanleg sýning, sem nú stendur yfir á Kjarvalsstöðum, yrði í beinum tengslum við afmælið.



Kristján Davíðsson

Þetta er annars í góðu samræmi við að hinn nafnkunni listamaður er enn í fullu fjöri, hefur þó lifað lágt sem hátt og leikið sér, og í einu og öllu fylgt eigin forskrift um hollt lífni. Kristján kemur mönnum svo enn á óvart með sýningu á þverskurði athafna sinna frá síðasta áratug í stað umfangsmikillar yfirlitssýningar, eins og flestir

munu hafa búist við og þá helst í öllum húsakynnum Kjarvalsstaða.

Víst veit margur, að málarinn hefur verið vel virkur á áratugnum, í ljósi áhrifamikilla sýninga á ferskum verkum í Nýhöfn og í Ásmundarsal og ýmissa annarra sýnilegra athafna tengdra pentskúfnum. Og í samræmi við framkvæmdina og fyrri rýni, svo og handhæga sýningararkrá, prýdda mörgum litmyndum, sem gefin hefur verið út með úttekt á ferli listamannsins, er rétt að sleppa fullkomlega öllum mosavöxnum tuggum og endurtekningum.

Það hefur verið venjan um slík tímamót í lífi okkar elstu málara, að efna til stórsýninga með sem skilvirkustum samtíngi frá ferli þeirra. Er góðra gjalda vert, en hér hafa Íslendingar þá neyðarlegu sérstöðu, að tengja slíka sýningarviðburði yfirleitt við ellina, eða einhverja burtkústaða af tilverusviðinu. Ytra eru söfnin hins vegar í viðbragðsstöðu um slíkar framkvæmdir áður en gildir og fram-sæknir myndlistarmenn eru komnir á miðjan aldur, til að viðurkenna og lyfta undir þá, greiða þeim að auk vel fyrir. Ekki síður en tónleikahallir greiða fyrir tónaflóðið og höfundarréttinn. En Kristján er einfaldlega ekki á þeim buxunum að leggja árar í bát og kannski er þetta hans sérstaki háttur að mót-

mæla slíkum hugsunarhætti og nesjamennsku. Málið er í raun þannig vaxið í stóru og almennu samhengi, að mesta hættan felst í að setja fólk í lífshöf og koplá af á ákveðnum aldri, í stað þess að njóta reynslu þess og yfirsýnar sem lengst, líkt og mannkynið hefur gert um árþúsundir. Lífsreynslan sem ungt fólk verður fyrir af að njóta návistar og uppræðslu aldinna er nokkuð sem gnæfir yfir öll kennslukerfi og skólafundarfundarhaldafákla, sem einmitt er óðast að lifa sig. Á nokkrum áratugum hefur heimurinn búið hér til risavaxið vandamál, sem gerir tóbaksreykingar, vímuefnaneyslu og umhverfismengun að smáatriðum. Menn virðast hafa



KRISTJÁN Davíðsson, Án titils, olía á léreft, 1997.

gleymt máltækinu, hvað ungur nemur gamall temur.

Hér er Kristján upplagt dæmi, sem hóf fyrst að miðla ungum af reynslu sinni í menntakerfi listarinnar á þeim aldri er venjulegum uppræðurum eru haldin blesspartý. Og eins og gerist um góða kennara virðist hann hafa lært jafn mikið af nemendum sínum og þeir af honum. Ungir orðið ríkari af reynslu hins hára þular en hann teigað stórum af bikar æskunnar. Í öllu falli hafa málvörk hans orðið ferskari og bjartari með ári hverju. Þá er til frásagnar, að rétt áður en Þjóðarþórhalla var opnuð var rýninum boðið þangað í fylgd Leifs Breiðfjörðs, til að skoða listaverkin er prýða myndu stofnunina um

langa framtíð. Þar blasti einnig við stórt málverk eftir Kristján Davíðsson og varð honum starsýnt á hvíta flötinn í verkinu. Flöturinn bjó yfir einhverjum ferskum og duldom krafti og ekki hafði hann séð Kristján vinna jafn vel með hvíta litinn áður. Alveg óvænt endurtók sagan sig á sýningu Kristjáns í Ásmundarsal fyrir nákvæmlega tveimur árum og enn hafði kynngin aukist í hvítu tilbrigðunum, voru jafnvel nær alhvít eða alsnjóa skilrí innan um. Taldi ég þau í rýni minni á vissan hátt litríkari öðrum, sem meiri bein litavirkt prýddi, en það er mál sem læsir og þroskaðir á litrófið skilja. Svo er einnig með stóru flekana í hölfinu næst innganginum er inn á sýninguna í Austursal er komið, því þessar einföldu og blæbrigðaríku myndheildir búa yfir rafmögnum titringi, „vibration“, í hvítu. Hér er styrkur litarins ljóðrænn, og þenslumátturinn á þann veg nýttur í mykt og titringi hinna teiknuðu áherslna, að hann grípur skoðandann umsvifalaust og þá mun frekar hinum litríkari og eldri myndheildum.

Slíkr einfaldri hrfimikilli meðhöndlan eins höfuðlitar á stórum fleti hefur verið líkt við ljóð Mallarmés: Patience, patience, / patience dans l'azur! / Chaque atome de silence/ Est la chance d'un fruit mûr“ (Pólinmæði, pólinmæði, / pólinmæði í bláu! Sérhvert atóm kyrrðar/ Er tækifæri fyrir þroskaðan ávöxt). Hér stílar hinn heimskunni ameríski listsögufraeðingur Robert Hughes til sérstakrar blöndu afkalls og föstu, meinlæta og endurnýjunar. Eins og amerískir málara eftirstrísáranna leituðust við að hefja sig upp yfir hörmungar styrjaldarinnar með því að mála sig burt til himna, eins og Hughes orðar það, er eins og Kristján sé að mála sig frá rótausum, köldum og málverkinu andsnúnum tímum.

Fram kemur, að svo virðist sem fólk almennt skilji þessar myndir, hrfist sjálfkrafa, þótt viðkomandi viti ekki í raun hvað það er sem

TÓNLIST

Norræna húsið

UNM-TÓNLEIKAR

Raf- og kammerverk eftir Palle Dahlstedt, Per Magnus Lindborg, David Bratlie, Steingrím Rohloff og Johannes Frost. Norræna húsinu, miðvikudaginn 24. september kl. 20.

Í UMFJÖLLUN um UNM-tónleikana í Listasafni Íslands sl. mánudag lét undirritaður að því liggja, að í vissum skilningi gæfu hrein raftónverk raunsonnustu mynd af sköpunargetu tónskálda, með því að mennskur flutningur gæti verið blekkjandi, ýmist á verri eða betri veg.

Rafverkin á héraumræddum tónleikum í Norræna húsinu komu manni hins vegar til að hugsa dæmið gerr. Því ef fylgt er félagslega afstæðu listmáti út í æsar, gætu breytilegar aðstæður eins og misjafnlega góður tækjakostur á mismunandi tímum verið alveg eins blekkjandi. A.m.k. má leiða af líkum, að rafhljóðver nútímans gefi ólíkt fleiri möguleika til fjöl-

breytni og fágunar en fyrir 30–40 árum, og fyrir óinnvígða hlustendur hlýtur oft að vera erfitt að meta hlutfallið milli óþbatnandi tækjabúnaðar og andagiftar höfunda. Til mótvægis mætti að vísu benda á poppmúskina, sem notið hefur sömu tækniframfara og akademíski tónlistarheimurinn, en án meiriháttar heyranlegra gæðafarfara.

Tílefnir þeirra hugleiðinga var hversu tilkomumikil raftónverkin tvö sl. miðvikudagskvöld reyndust, a.m.k. á ytra borði, og auðheyr, hvornig nostrar hafði verið við hvert smáatriði eftir því sem beztu græjur leyfðu, hvað svo sem líður öllum spurningum um inntak, frumleika og líkur á langlífi. Áhrifamátturinn var alltjamt á sínum stað, og ljóst að áheyrendur kunnu að meta hann, miðað við öflugar undirtektirnar.

Ljóðar á ráði tónleikanna voru tveir og báðir utanlægir við sjálfa

tónsköpunina. Notaleg kaffistofa Norræna hússins var lokuð, og áheyrendaskarinn, sem var meiri en húsið er hannað fyrir, varð að standa upp á enda í anddyri drjúga stund vegna seinkunar, unz tókst að greiða úr einu af þeim tæknilegu vandamálum sem loða vilja við flest tónleikahald þar sem raf-eindir koma við sögu. Sérstaklega harmaði maður þó fyrri atriðið, því ef eitthvað er meira gefandi en að hlusta á nýja tónlist, þá er það að geta rætt hana við meðhlustendur í ró og næði. Margmennið varð og til að yngstu og sprækustu tónleikagestir urðu að gera sér gólfsetu að góðu. Það jók þó frekar á stemninguna en hitt, og ekki dró úr, þegar salur myrkvaðist og úr ljóskösturum flæddu vistvænir bláir og grænir litir láðs og lagar undir fyrri rafverki kvöldsins, „Gummi“ eftir Svíann Palle Dahlstedt, við „undirhreyfingar“ dansarans Amiar Skánberg.

Eins og heitið gaf í skyn og tilgreint var í tónleikaskrá (þótt á köflum væri vandheyranlegt), voru hljóð fengin úr gúmbloðrum, en væntanlega teygð og tosuð með aðstoð tölvutækni. Athyglivert er annars, að hljóðgrunnar bæði þessa og hins rafverksins voru náttúrulegir („konkret“) en ekki einræktaðir úr viðjum rafeinda. Hreyfingar, ljós og fremur ógnvekjandi skruðningar, hvinur og alls konar hvöss hvíss tengdu, eins og svo oft með nútíma raftónlist, huga hlustandans við geimtrýlla Hollywood, enda á ýmsan hátt lík effektahljóðum úr kvikmyndum á

borði við *Alien*, þó að hljóðskammturinn hér væri bæði lengri og sjálfbærari og myndaði furðu heilsteypt yfirbragð.

Andstæðan milli hljóðheima Gúmsins og næsta verks, „Bom-bastic Sonosophisms“ (með f-i í tónskrá) fyrir einleiksharmónikkunni eftir Norðmanninn Per Magnus Lindborg, gat varð verið meiri, og þætti mörgum dragpilsunnanda ugglaust fokið í flest skjól, er góða gamla dúddelíde-ið fær ekki lengur að vera í friði fyrir framúr-stefnu. Þó ku víst hafa verið farið að semja framsækið fyrir sjómans-sorgel þegar fyrir 40 árum, og hafa ekki sízt Ítalir staðið þar framarlega. Verkið var töluvert virtúósið, og var fruntavel flutt af Frode Haltli, sem skvetti að virt-ist fyrirhafnarlaust leifturhroðum litlum tokkötugusum, í milli þess sem hann beitti víðfæðmu dýnamísku sviði hljóðfærinsins til hins ýtrasta á ýmist liggjandi hljómunum eða punktaleitu tafsi ísprengru dramatískum þögnum í sérlega litríku og markvissu stykki, sem uppskar dágóðar undirtektir áheyrenda.

Seinna rafverk kvöldsins hét „Yet Not Erased“ og var eftir landa Lindborgs, David Bratlie. Konkretgrunnur verksins var hér fenginn með stálplötum og málmstöngum alls konar úr vopnabúri Iðnhóps Oslóborgar, er starfaði 1995–96. Verkið hófst og hætti með stöku klukkuslagi, líkt og dagur reiði gengi í og úr garði, en var annars nokkuð svipmikill og vel unninn rafskúlptúr. Minnti

andrúmsloftið að sumu leyti á rafverk Kosks, Bodins og Nevanlinna á „litaballett“-raftónleikumum í Hafnarhúsinu á Norrænum múskdögum hér í september fyrir ári. Verkinu var að sögn ætlað að lýsa gagnkvæmum áhrifum bergmáls og hoggja með klassískri úrvinnslu, enda tókst að halda sémilega sannfærandi heildarsvip, þrátt fyrir verulegar andstæður og allt að því skræpotta litafjölbreytni.

Hallveig Rúnarsdóttir sópran söng af natinni einlægni og með skýrum framburði „Logn“, þrjú fremur stutt sönglög eftir hinn íslenzk-þýzka Steingrím Rohloff um ljóð eftir Grím Thomsen, Jóhannes úr Kötlum og Jakobínu Sigurðardóttur við kristalstæran píanó-undirleik Tinnu Þorsteinsdóttur. Míniatúrur Steingríms voru í heild kyrrlátar, enda tílefnir þeirra tónsmíðakeppni um þemað *Frið*. Sönglínur voru hæggar og áleitnar, og píanóhlutverkið sparneytið en þó hnitmiðað. Í þessu óvenju gegnsæja og skíra verki sá maður ósjálfrátt fyrir sér hægblíkandi tjarnargárur í lágrí vetrarsól. Undirtektir voru með afbrigðum góðar.

Lokaverkið, Reflections and Appearances, var einnig flokkur þriggja örverka, en fyrir einleikspíanó, og lék höfundurinn, ungur lágvaxinn Finni að nafni Jóhannes Frost, sjálfur verkið í stað hins auglýsta Kari Tikkala. Þótt verkið risi ekki mjög hátt, og áferð og úrvinnsla væri heldur á við belg og biðu, bauð það af sér góðan þokka, og titillinn (Endurskin og sýnir) var í öllu falli nær skynjanlegu inntaki en oftast gerist í nafngiftum ungra tónskálda á verkum sínum.

Ríkarður Ö. Pálsson

# Endurskin og sýnir

SLIM-LINE  
dömubuxur  
frá **gardeur**  
**Tönn**  
tískuverslun  
V/Nesveg, Seltj., s. 561 1680

**GRAM**  
FRYSTIKISTUR

234 ltr.	2 körfur	39.990 stgr.
348 ltr.	3 körfur	45.990 stgr.
462 ltr.	4 körfur	53.990 stgr.
576 ltr.	5 körfur	68.380 stgr.

Góðir greiðsluskilmálar.  
VISA og EURO raðgreiðslur án útb.

Fyrsta flokks frá **FÖNIX**  
HÁTÚN 6A - SÍMI 552 4420